

Föstudagur, 7. nóvember 2003

207. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 43/2003

**Kvörtun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis yfir viðskiptaháttum
Búnaðarbanka Íslands hf. í tengslum við skrá yfir stofnfjáreigendur**

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 3. júlí 2002, óskar Kristján Þorbergsson hrl., f.h. Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (hér eftir nefndur SPRON), eftir að Samkeppnisstofnun stöðvi þegar í stað vinnslu Búnaðarbanka Íslands hf. með skrá yfir stofnfjáreigendur í SPRON, með vísan til 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Í bréfinu kemur fram að aðgangur Búnaðarbankans að skránni sé tilkominn með óheiðarlegum hætti. Samkvæmt ákvæðum samþykktá SPRON eigi stofnfjáreigendur rétt á að kynna sér skrána en hún skuli geymd á skrifstofu SPRON og ekki afhent þáðan. Rakið er að sonur stofnfjáreigenda hafi með vísan til fyrrnefndra ákvæða lesið skrána inn á segulband sem hann síðan hafi afhent Búnaðarbankanum. Bankinn hafi síðan ekki látið stofnfjáreigendur í SPRON í friði. Margir þeirra hafi haft samband við skrifstofur SPRON og lýst furðu og megnri vanþóknun á ónæðinu af hálfu bankans. Búnaðarbankinn sé að þessum upplýsingum kominn með því að brjóta ákvæði persónuverndarlaga nr. 77/2000.

Stofnfjáreigendum sé ætlað að standa vörð um hagsmuni SPRON og þeir séu hans traustustu viðskiptamenn. Skráin varði fjármál þeirra og stöðu gagnvart SPRON. Verði þeir fyrir stöðugu áreiti af hálfu starfsmanna annarrar bankastofnunar sem gangist fyrir því að reyna að kaupa þá til lögbrota, með fé sem tilheyri samfélaginu að réttu, ef ekki yrði talin þörf á því að SPRON rækti lengur það framfarahlutverk sem sparisjóðunum sé ætlað að sinna eins og kveðið sé á um í lögum nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.

Að lokum er rakið að bankastjórar Búnaðarbankans hafi ritað öllum starfsmönnum SPRON bréf og reynt að snúa þeim gegn stjórnendum sparisjóðsins. Ekki verði betur séð en að með því hafi þeir einnig brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga.

II. Málsmeðferð

1.

Bréf SPRON var sent Búnaðarbanka Íslands til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 4. júlí 2002. Svar bankans er dagsett 8. júlí 2002 og segir þar:

„Búnaðarbanki Íslands hf. gerði samning við fimm stofnfjáreigendur (hér eftir nefndir „fimmmenningarnir“) í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis ... þar sem gert er ráð fyrir að fimmmenningarnir kaupi og endurselji síðan bankanum o.fl. stofnfjárhluti í sparisjóðnum að tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Af samningi aðila er ljóst að Búnaðarbankinn skal annast framkvæmd kaupanna.“

Rakið er að fimmmenningarnir hafi verið ósáttir við hugmyndir stjórnar SPRON um fyrirhugaða hlutafjávæðingu sparisjóðsins. Hafi fimmmenningarnir talið að stofnfjáreigendur SPRON myndu bera mjög skarðan hlut frá borði við hlutafjávæðinguna, m.a. myndi hlutdeild þeirra í nýju félagi verða minni en þeir eigi nú, þ.e. lækka úr 15% í 11,5%, og því væri fyrirséð veruleg skerðing á arðgreiðslum til þeirra. Þá hafi fimmmenningarnir talið eðlilegt og sanngjarnt að greiða hærra verð fyrir stofnfjárhlutinn en gengið 1,0 eins og gert hafi verið ráð fyrir í hlutafjávæðingu SPRON. Þannig geri samningur fimmmenninganna og Búnaðarbankans ráð fyrir að söluverð endurmetins nafnverðs stofnfjárhluta sé 4,0.

Stjórn SPRON hafi sent upplýsingar um fyrirhugaða hlutafjávæðingu til stofnfjáreigenda en þar hafi framangreind atriði ekki komið fram. Því hafi legið fyrir að upplýsingagjöf SPRON til stofnfjáreigenda vegna málsins væri verulega ábótavant og þeir ekki getað tekið upplýsta ákvörðun á stofnfjáreigendafundinum. Til að vernda brýna hagsmuni og svo stofnfjáreigendum SPRON væri unnt að gæta lögmætra hagsmuna sinna á fundinum hafi legið ljóst fyrir að nauðsynlegt væri að senda þeim öllum fyllri upplýsingar um málið.

Eina leiðin til að nálgast aðra stofnfjáreigendur til að kynna þeim málið hafi verið að fá skrána afhenta hjá SPRON lögum samkvæmt. Því hafi verið óskað eftir upplýsingum um nöfn stofnfjáreigenda, heimilisföng, kennitölur ásamt stofnfjáreign eins og skráin skal tilgreina. Þetta hafi verið gert m.a. með vísan til þess að tilgangur ákvæðis samþykktar SPRON hljóti að felast í því að auðvelda stofnfjáreigendum að ná hver til annars um málefni SPRON, ekki síst til að auðvelda þeim undirbúning fyrir fundi stofnfjáreigenda. Í þessu sambandi megi m.a. benda á 19. gr. samþykktar SPRON en þar segir:

„Sparisjóðsstjórn er skylt að boða til fundar stofnfjáreigenda, ef þeir sem fara með minnst 1/3 hluta stofnfjár krefjast þess skriflega og greina fundarefni.“

Fram kemur að í fyrstu hafi stjórn SPRON meinað fimmmenningunum að sjá skrána en loks hafi syni eins þeirra verið heimilað að sjá hana á tölvuskjá en „í ólögumætu formi þar sem skráin innihélt einungis nöfn og heimilisföng stofnfjáreigenda.“ Vegna þessa hafi orðið úr að sonurinn hafi lesið skrána inn á segulband og hún síðan skrásett eftir upptökunni. Þannig hafi fimmmenningunum tekist að skrá niður nöfn fjölda stofnfjáreigenda, þrátt fyrir ólögumæta andstöðu stjórnenda SPRON, og á grundvelli þessara upplýsinga hafi stofnfjáreigendur fengið nokkur bréf og símtöl frá fimmmenningunum. Búnaðarbankinn hafi aðstoðað fimmmenningana við að ná sambandi við stofnfjáreigendur SPRON fyrir þeirra hönd, bréflega og símleiðis, í samræmi við samkomulag aðilanna.

Stjórn SPRON hafi alfarið hafnað, síðast með bréfi 4. júlí 2002, að afhenda fimmmenningunum stofnfjáreigendaskrána í lögumætu formi. Þannig segir m.a. í bréfi SPRON:

„Það stendur ekki til að verðlauna þennan umbjóðanda yðar fyrir þau trúnaðarbrot, sem hann hefur þegar framið, með því að koma honum í aðstöðu til að fremja ný trúnaðarbrot gagnvart sparisjóðnum og stofnfjáreigendum í honum. ... Meginreglan um aðgang að skránni hlýtur að víkja þegar tilgangurinn er óheiðarlegur.“

Að mati Búnaðarbankans verði ekki annað ráðið af orðum stjórnar SPRON en að verið sé að misbeita gróflega því valdi sem henni sé falið og að stjórnin sé jafnframt að brjóta gegn skýrum ákvæðum laga um aðgang stofnfjáreigenda að skránni. Fimmmenningarnir muni því krefjast þess með beinni innsetningargerð að fá skrána afhenta.

Þá er bent á, með vísan til útvarpsviðtals við sparisjóðsstjóra SPRON þar sem fram hafi komið að ekki megi fara með eintak af skránni úr húsi þar sem um sé að ræða trúnaðarupplýsingar, að listi yfir alla stofnfjáreigendur SPRON hafi verið birtur í ársskýrslum allt til 1. mars 1995. Fram hafi komið nöfn og heimilisföng allra stofnfjáreigenda SPRON hverju sinni. Þetta sé eðlilegt og í samræmi við skýr ákvæði laganna þar um. Horfið hafi verið frá birtingu skrárinnar þegar núverandi sparisjóðsstjóri hafi hafið störf.

Að lokum kemur fram í bréfi Búnaðarbankans að erindi SPRON lúti einnig að því að bankinn hafi brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga með því að senda starfsmönnum SPRON bréf til að útskýra að ekki stæði til að skerða starfsstöðu þeirra og öryggi við hugsanlega yfirtöku Búnaðarbankans á starfsemi SPRON. Með þessu vilji stjórn SPRON freista þess að koma í veg fyrir að menn, sem málið varði, fái

réttar upplýsingar um efni þeirra ágreiningsmála sem uppi hafa verið. Vegna ítrekaðra rangfærslna stjórnar SPRON hafi Búnaðarbankanum verið nauðsynlegt að útskýra bréflega fyrir starfsmönnum þá þætti málsins sem þá varði. Fráleitt sé að halda því fram að með þessu teljist Búnaðarbankinn hafa brotið gegn 20. gr. samkeppnislaga. Frekar megi halda því fram að SPRON hafi brotið gegn tilvitnuðu lagaákvæði með framangreindu framferði sínu.

2.

Með bréfi, dags. 9. júlí 2002, sendi Samkeppnisstofnun bréf Búnaðarbankans til umsagnar SPRON.

Með bréfi SPRON, dags. 11. júlí 2002, var Samkeppnisstofnun sent afrit tveggja bréfa formanns stjórnar SPRON til bankaráðs Búnaðarbanka. Í bréfi dagsettu 3. júlí 2002 segir af tilefni bréfs Búnaðarbankans til starfsmanna SPRON:

„Það er áreiðanlega einsdæmi, a.m.k. hér á landi, að forstjórar fyrirtækis, sem stendur að óvinveittri yfirtöku, sendi starfsmönnum þess fyrirtækis bréf – fyrirtækis sem er í samkeppnisrekstri við yfirtökuaðilann og með því leitast við að snúa starfsmönnum gegn yfirmönnum þeirra og stjórn. Er þetta framferði ekki í samræmi við góða og viðurkennda viðskiptahætti og hefur það þegar verið fordæmt af stjórn Starfsmannafélags SPRON.

Þess er vænst, að bankaráð Búnaðarbankans hafi hemil á bankastjórunum í atgangi þeirra við að ná yfirráðum yfir SPRON og atlögu að sparisjóðastarfsemi í landinu.“

Í bréfi dagsettu 11. júlí er vísað til fyrra bréfsins og segir síðan:

„Frá því að framangreint bréf var ritað hafa nokkrir nafngreindir starfsmenn Búnaðarbankans hringt, og sumir margoft, í einstaka stofnfjáreigendur í SPRON og leitað eftir umboði þeirra til að krefjast fundar stofnfjáreigenda – jafnvel þótt stjórn SPRON hafi lýst því yfir, að til slíks fundar verði boðað, þegar réttaróvissu um lögmæti yfirtökutilboðs Búnaðarbankans hefur verið eytt.

Telur bankaráðið þetta framferði starfsmanna bankans vera í samræmi við ákvæði 20. gr. samkeppnislaga um góða og viðurkennda viðskiptahætti?

Jafnframt þessu hafa talsmenn 5-menninganna, þ. á m. lögmaður þeirra, margsinnis í fjölmiðlum sakað stjórn og stjórnendur sparisjóðsins um yfirgang, ofríki og valdafíkn og að sinna í engu hagsmunum stofnfjáreigenda. Skv. samningi Búnaðarbankans og 5-menninganna greiðir bankinn allan kostnað vegna yfirtökutilraunarinnar, þ. á m. væntanlega einnig lögmannskostnað. Skal þá enn minnt á, að Búnaðarbankinn og SPRON eru í samkeppnisrekstri hér í Reykjavík og nágrenni.

Er þá aftur spurt, hvort bankaráðið telji þetta framferði vera í samræmi við áðurnefnt ákvæði 20. gr. samkeppnislaga og hvort það sé með vitund og vilja bankaráðsins, að fjármunum bankans sé varið til þessarar ófrægingarherferðar?“

Með bréfi, dags. 18. júlí 2002, svarar Jóhannes Bjarni Björnsson hdl., f.h. SPRON, bréfi Búnaðarbankans frá 9. júlí. Þar kemur fram að SPRON telji ljóst að Búnaðarbankinn annist framkvæmd og kosti alla vinnu sem innt sé af hendi í því markmiði að ná fram efndum á samningi bankans og fimmmeninganna. Þá liggi einnig fyrir að Búnaðarbankinn hafi lagt þeim til húsnaði og starfsmenn og keypt að þá þjónustu lögmanna sem talin hafi verið nauðsynleg til að knýja fram efndir á samningi bankans við fimmmeningana. Þá hafi Búnaðarbankinn sinnt símhringingum, annast gerð bréfa, fjölföldun og dreifingu en mörg bréfanna hafi verið send í nafni fimmmeninganna. Allt þetta verði því að skoðast á ábyrgð Búnaðarbankans og sé hluti starfshátta bankans við að komast yfir SPRON.

Þá kemur fram að tilefni erindis SPRON sé að kvarta undan ólögmetum og óheiðarlegum aðferðum sem Búnaðarbankinn hafi viðhaft í þeirri baráttu að komast yfir SPRON þar sem tilgangurinn sé talinn helga meðalið. Megin krafa SPRON sé að Samkeppnisstofnun stöðvi nú þegar vinnslu Búnaðarbankans með skrá yfir stofnfjáreigendur enda sé handhöfn og vinnsla bankans á skránni ólögmet og brot gegn viðskiptahagsmunum SPRON.

Rakið er það sem fram hefur komið um aðgang að stofnfjáreigendaskránni og hvernig Búnaðarbankinn hafi komist yfir hana. Þannig hafi Búnaðarbankanum og öðrum sem komu að afritatöku skrárinnar mátt vera fyllilega ljóst að stjórnendur SPRON teldu slíka afritatöku óheimila. Ekki skipti máli hvort afritatökan hafi verið að frumkvæði bankans eða ekki þar sem óumdeilt sé að Búnaðarbankinn tók við upptökunni, skrifaði hana upp og hafi síðan notað skrána til að dreifa til stofnfjáreigenda fjandsamlegum tilskrifum um stjórn og stjórnendur SPRON. Sjálfstaka skrárinnar með þeim hætti sem Búnaðarbankinn hafi tekið þátt í, stutt og notfært sér sé gerræði sem ekkert eigi skylt við framgang síðaðra manna og mjög alvarlegt brot gegn góðum viðskiptaháttum. Ágreiningur um réttmæti þess að neita að afhenda skrána komi mati á háttsemi Búnaðarbankans ekkert við enda geti sá ágreiningur undir engum kringumstæðum réttlætt sjálfstöku keppinautar á gögnum með þessum hætti.

Fram kemur það mat SPRON að handhöfn og notkun Búnaðarbankans og fimmmeninganna á skrá yfir stofnfjáreigendur brjóti gegn 16. gr. laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði og 8. gr. samþykktu SPRON. Þannig skuli aðgangur að stofnfjáreigendaskránni vera bundinn við þá aðila sem séu stofnfjáreigendur og skuli skráin ætíð geymd á skrifstofu SPRON og stofnfjáreigendur hafi aðgang að henni þar.

Jafnframt er bent á að stofnfjáreigendaskráin innihaldi skipulagsbundið safn persónuupplýsinga sbr. lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Búnaðarbankinn verði því að hafa heimild til vinnslu persónuupplýsinga en hann uppfylli ekki slík skilyrði. Þá teljist Búnaðarbankinn hvorki vera ábyrgðaraðili né vinnsluaðili og hafi af þeim sökum enga heimild til að hafa afrit stofnfjáreigendaskrárinnar undir höndum. Handhöfn og notkun Búnaðarbankans á skrá yfir stofnfjáreigendur SPRON sé því sannanlega ólögmet og brjóti augljóslega gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga og líklega einnig gegn ákvæðum 27. gr. sömu laga enda sé Búnaðarbankanum ljóst að skráin innihaldi mikilvægar viðskiptaupplýsingar, þ.e. upplýsingar um bestu viðskiptamenn SPRON.

Þá kemur fram að notkun Búnaðarbankans á skránni í því skyni að bera út óhróður um stjórn og stjórnendur SPRON sé annað dæmi um gróf brot bankans á góðum viðskiptaháttum. Til einföldunar sé rétt að líta framhjá því að Búnaðarbankinn bjóði stofnfjáreigendum fé fyrir hluti þeirra þar sem sá þáttur málsins sé til úrlausnar hjá Fjármálaeftirlitinu. Þá sé báðum aðilum ljóst að um skipti á stofnfjárhlutum fyrir hlutabréf gildi skýr og ófrávikjanleg fyrirmæli í lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Tilboð Búnaðarbankans um kaup á stofnfjárhlutum í SPRON gangi út á það að hindra fyrirhugaða breytingu á SPRON í hlutafélag í því skyni að ná völdum þar áður en til hlutafélagsvæðingar komi. Fyrir þessi völd hafi Búnaðarbankinn verið tilbúinn til að greiða þrefalt álag á endurmatsverð stofnfjárhluta þannig að kaupverð fyrir hvern hlut yrði 4. Um tvo ólíka gerninga hafi verið að ræða og sannanlega liggi fyrir að skiptihlutfall stofnfjárhluta og hlutabréfa sé bundið í lögum. Þrátt fyrir að Búnaðarbankanum hafi verið þetta ljóst, og ljóst að hvorki bankinn né aðrir gætu boðið stofnfjáreigendum hærra skiptihlutfall en stjórn SPRON ráðgerði, kjósi þeir að kynna fyrirhuguð viðskipti sín fyrir stofnfjáreigendum, með þeim hætti að stjórn SPRON hafi ekki tryggt að stofnfjáreigendur fengju „sannvirði“ fyrir stofnfjárhluti sína. Gangi þeir jafnvel svo langt að segja að „það hafi komið á daginn“ að stjórn SPRON hafi vanmetið stórlega verðmæti stofnfjárhluta stofnfjáreigenda í fyrirhuguðum skiptum fyrir hlutabréf.

Ofangreindur málflutningur geti í besta falli talist vísitandi afbökun staðreynda og feli sannanlega í sér misvísandi og rangar upplýsingar. Í þessu felist mjög alvarleg ásökun á hendur stjórn SPRON um afgang og stórlega vangæslu hagsmuna stofnfjáreigenda. Ásakanir og málflutningur Búnaðarbankans séu enn alvarlegri í ljósi þess að skiptihlutfallið sem stjórn SPRON ákvað sé bundið í lögum, en ekki háð mati stjórnarinnar eins og Búnaðarbankinn gefi til kynna gegn betri vitund.

Þá kemur fram að Búnaðarbankinn hafi haldið því fram að stjórn SPRON hafi haldið upplýsingum frá stofnfjáreigendum um að skiptihlutfallið hafi verið of lágt. Í þessu felist ásökun um að stjórn SPRON hafi með ásettu ráði leynt stofnfjáreigendur

upplýsingum. Steininn hafi síðan tekið úr þegar Búnaðarbankinn dreifði tveimur bréfum, þann 2. júlí 2002, til starfsmanna og stofnfjáreigenda SPRON. Bréfin tvö hafi verið í sama umslagi og annað bréfið stílað á stofnfjáreigendur frá fimmmenningunum en hitt frá bankastjórum Búnaðarbankans til starfsmanna SPRON. Í bréfinu frá fimmmenningunum segi m.a.:

„Fyrir liggur að stjórnendur Spron hafi vitað um hagkvæmari leið fyrir stofnfjáreigendur en þá leið sem þeir lögðu til og fól í sér verulega eignaryrning fyrir okkur stofnfjáreigendur. Þetta gerðu þeir þrátt fyrir að Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri hefði sem formaður stjórnar Kaupþings staðið að kaupum á öðrum sparisjóðum á yfirverði, með annarri tæknilegri útfærslu, eins og komið hefur fram í fjölmiðlum.“

Í bréfi SPRON segir að það geti vart talist eðlilegt og í samræmi við góða viðskiptahætti, sbr. 20. gr. samkeppnislaga, að bankastjórar Búnaðarbanka, keppinautar SPRON, sendi starfsfólki SPRON bréf þar sem með fylgi annað bréf með ofangreindum texta. Í svari Búnaðarbankans til Samkeppnisstofnunar komi fram að tilgangur sendingarinnar hafi verið að leiðrétta ítrekaðar rangfærslur stjórnar SPRON. Í reynd sé í fyrrnefndu bréfi að finna frekari staðfestingu þess að Búnaðarbankinn ásaki stjórn SPRON með beinum hætti um að fara með rangindi gagnvart starfsmönnum sínum og stofnfjáreigendum.

Þá hafi forsvarsmenn Búnaðarbankans stöðugt kveðið sér hljóðs í fjölmiðlum með yfirlýsingar um að tilgangur stjórnenda SPRON með hlutafélagsvæðingu sé á einhvern hátt annarlegur og þeir séu fyrst og fremst að hugsa um eigin hag en ekki hag SPRON og stofnfjáreigenda hans.

Síðan segir í bréfi SPRON að ofangreindan málf lutning og ásakanir hafi Búnaðarbankinn haft uppi um stjórn og stjórnendur keppinautar til að draga úr trausti og trúverðugleika stjórnenda SPRON og vinna þannig starfsmenn og stofnfjáreigendur til liðs við sig. Fyrir viðskiptabanka og sparisjóði séu traust og trúverðugleiki mikilvægasti grundvöllur viðskiptavildar viðkomandi. Aðför Búnaðarbankans sé því skýrt og mjög alvarlegt brot á kröfum um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi og því brot á 20. gr. samkeppnislaga.

Við blasi í málinu að Búnaðarbankinn hafi staðið að úthugsuðum, vel skipulögðum og afar ósmekklefum árásum á stjórnendur SPRON, með bréfasendingum og símtölum, þar sem þeir hafi m.a. beitt fyrir sig tilgreindum fimm stofnfjáreigendum. Í þeirri aðför hafi tilhæfulausar og afar alvarlegar ásakanir verið bornar fram í þeim tilgangi einum að draga úr trúverðugleika og vinna þannig stofnfjáreigendur og starfsmenn til liðs við sig. Síðan segir:

„Skipulögð óhróðursherferð sem beindist með beinum hætti að starfsmönnum og stofnfjáreigendum, sem jafnframt eru flestir stærstu viðskiptamenn SPRON, lík þeirri sem BÍ stendur nú fyrir, á sér ekki fordæmi í íslensku viðskiptalífi og því er mikilvægt að Samkeppnisstofnun taki fast í taumana, svo starfsaðferðir BÍ myndi ekki ný og lægri viðmið varðandi „góða viðskiptahætti“ en menn hefðu áður talið möguleg.“

Að lokum er þess krafist að samkeppnisráð stöðvi alla vinnslu og notkun Búnaðarbankans á stofnfjáreigendaskrá SPRON. Kveðið verði á um að Búnaðarbankanum skuli skylt að skila skránni og afritum hennar. Þá áminni samkeppnisráð Búnaðarbankann fyrir brot gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga um góða viðskiptahætti. Með bréfi SPRON fylgdi afrit ýmissa bréfa, skjala og fréttu sem sparisjóðurinn telur að máli skipti við úrlausn erindisins.

3.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 22. júlí 2002, sendi stofnunin bréf SPRON til umsagnar Búnaðarbankans. Svar bankans er dags. 6. ágúst 2002. Rakið er að málflutningur stjórnenda SPRON hafi frá upphafi byggst á því að sparisjóðnum sé heimilt að takmarka aðgang fimmmenninganna að stofnfjáreigendaskrá SPRON. Þá hafi stjórnendur SPRON haldið því fram að óheimilt sé að selja stofnfjárhluti á hærra verði en sem nemi endurmetnu nafnverði. Þá kemur fram að frá því að erindi SPRON hafi verið sent Samkeppnisstofnun hafi tveir opinberir aðilar fjallað um málið, Fjármálaeftirlitið og Héraðsdómur Reykjavíkur. Báðir hafi með öllu hafnað sjónarmiðum SPRON um framangreind atriði.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, dags. 24. júlí 2002, hafi öllum röksemdum SPRON um aðgang stofnfjáreigenda verið hafnað og sparisjóðnum gert skylt að veita gerðarbeiðanda fullan og ótakmarkaðan aðgang að lögmætri stofnfjáreigendaskrá. Nánar segi um þetta í úrskurðinum:

„Ljóst er að um er að ræða skrá sem samþykktir gerðarpóla og lög um viðskiptabanka nr. 113/1996 mæla fyrir um að sé haldin og stofnfjáreigendum er heimilaður aðgangur að. Af ákvæðum í samþykktum sparisjóðsins um réttindi tengd stofnfjáreign verður glögglega ráðið að stofnfjáreigandi hefur lögvarða hagsmuni af því að vita og skrá hjá sér hverjir aðrir eiga stofnfé í sparisjóðnum. Ekki verður fallist á með gerðarpóla að lög um persónuvernd komi í veg fyrir þá túlkun á orðalaginu aðgengi sem að framan greinir. Þegar vegnir eru saman hagsmunir gerðarbeiðanda af því að skrá hjá sér upplýsingar um aðra eigendur stofnfjár í sparisjóðnum og hagsmunir þeirra af því að aðrir fái ekki upplýsingar um fjárhagsmálefni þeirra verður að líta til þess að stofnfjáreign veiti mikilverðan rétt til áhrifa á stjórn sparisjóðsins og líkist stofnfé þeirra meira hlutfé en inneign að þessu leyti. Þykja stofnfjáreigendur því verða að þola að ákvæði samþykktanna um aðgang

stofnfjáreigenda verði skýrð með þeim almenna hætti að í því felist heimild annarra stofnfjáreigenda til að rita hjá sér upplýsingar úr skránni. ...

Þykir rétt að fallast á kröfu gerðarbeiðanda með þeim hætti að honum verði veitt heimild til að láta fullnægja með aðför skyldu gerðarþola til að veita honum fullan og ótakmarkaðan aðgang að skrá sem tilgreini nöfn stofnfjáreigenda, heimilisfang og kennitölu, ásamt stofnfjáreign hvers stofnfjáreiganda og að sá aðgangur feli í sér heimild til að skrá niður upplýsingar úr skránni.“

Í bréfi Búnaðarbankans kemur fram að þrátt fyrir þennan úrskurð hafi SPRON enn hafnað að veita fimmmenningunum aðgang að stofnfjáreigendaskránni og ætli að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. Þá hafi Starfsmannasjóði SPRON verið veittur aðgangur að skránni þrátt fyrir að vera ekki stofnfjáreigandi en þetta megi sjá af fréttatilkynningu sem send hafi verið út 1. ágúst 2002. Í fréttatilkynningunni hafi komið fram að 44% eigenda heildarstofnfjár hafi gert samninga við Starfsmannasjóðinn. Þegar framangreindar tölur hafi verið dregnar í efa af fimmmenningunum hafi í annari fréttatilkynningu komið fram að endurskoðanda hafi verið falið að yfirfara samninga stofnfjáraðila við Starfsmannasjóðinn og hafi framangreindar tölur verið staðfestar. Að mati Búnaðarbankans hefði Starfsmannasjóður SPRON ekki getað sent frá sér umræddar tölur og endurskoðandinn ekki staðfest þær sem réttar nema hafa aðgang að stofnfjáreigendaskrá SPRON. Því sé ljóst að á sama tíma og stjórn SPRON meini fimmmenningunum aðgang að stofnfjáreigendaskránni veiti hún aðila sem ekki sé stofnfjáreigandi umræddan aðgang. Telja verði að framangreint framferði stjórnar SPRON brjóti gegn lögmætum rétti fimmmenninganna svo og gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga.

Vegna krafna SPRON um að stöðva vinnslu Búnaðarbankans með skrá yfir stofnfjáreigendur tekur bankinn fram að það séu fimmmenningarnir en ekki bankinn sem hafi ófullkomna stofnfjáreigendaskrá SPRON undir höndum og vinna með skrána sé gerð fyrir þeirra hönd og á þeirra vegum.

Þá er rakið að stjórnendur SPRON hafi ítrekað haldið fram að tilboð fimmmenninganna væri ólögmætt þar sem óheimilt sé að selja stofnfé sparisjóða á hærra verði en endurmetnu nafnverði. Um þetta segir í greinargerð Fjármálaeftirlitsins, dags. 19. júlí 2002:

„Fjármálaeftirlitið telur að núverandi löggjöf feli ekki í sér bann við því að stofnfjáreigandi geti selt eða framselt þriðja aðila stofnfjárhlut sinn á hærra verði en endurmetnu nafnverði. ...

Jafnframt er komist að þeirri niðurstöðu að þar sem sala stofnfjáreigenda á stofnfjárhlut til þriðja aðila sé fjármögnuð af utanaðkomandi aðila, verði ekki séð að með því einu verði gengið á eigið fé sparisjóðsins og að núverandi stofnfjáreigendur hafi með slíkum viðskiptum öðlast rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðsins eða arðs umfram ákvæði laganna.“

Þá kemur fram í bréfi Búnaðarbankans að stjórn SPRON hafi ætlað að breyta sparisjóðnum í hlutafélag. Fimmmenningarnir hafi verið ósáttir við þessa fyrirætlun og hafi talið að hag stofnfjáreigenda væri betur borgið yrði það ekki gert. Þannig myndi hlutdeild stofnfjáreigenda í eigin fé SPRON og arðgreiðslum lækka við hlutafjábreytingu. Jafnframt hafi fimmmenningarnir vísað til þess að fyrir liggja að reynsla frá öðrum Norðurlöndum sýni að hlutabréf, sem stofnfjáreigendur fái við hlutafjávæðingu, hafi tilhneigingu til að lækka í verði strax eftir hlutafjávæðinguna. Þá hafi slík hlutabréf lítinn seljanleika. Í bréfum fimmmenninganna til stofnfjáreigenda SPRON hafi framangreint verið rakið og þeir komist að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð hlutafjávæðing SPRON væri ekki hagkvæm stofnfjáreigendum. Sú leið sem samið hafi verið um við Búnaðarbankann hafi verið mun hagkvæmari.

Að mati Búnaðarbankans sé forvitnilegt að sjá hvort samkeppnisyfírvöld telji vinnubrögð SPRON samræmast 20. gr. samkeppnislaga þar sem SPRON hafi ráðist harkalega á fimmmenningana og Búnaðarbankann og sagt þá standa að lögbrotum.

Um bréfasendingar og símtöl til stofnfjáreigenda segir í bréfi Búnaðarbankans að SPRON haldi því ranglega fram að um orð og bréf Búnaðarbankans sé að ræða. SPRON haldi því fram að Búnaðarbankinn hafi staðið að úthugsuðum, vel skipulögðum og afar ósmekklefum árásum þar sem bankinn hafi beitt fyrir sig fimmmenningunum. Þessu sé haldið fram þrátt fyrir að enginn vafi sé á frá hverjum bréfin séu. Búnaðarbankinn mótmælir staðhæfingum SPRON og tekur fram að fimmmenningarnir hafi með aðstoð bankans komið sjónarmiðum sínum á framfæri við stofnfjáreigendur SPRON með málefnalegum og vel rökstuddum hætti. Hafi bæði Fjármálaeftirlitið og Héraðsdómur Reykjavíkur staðfest lagalegar röksemdir þeirra vegna grundvallarspurninga en hafnað röksemdum SPRON. Málflutningur fimmmenninganna og niðurstaða framangreindra stofnana hafi ekki verið stjórnendum SPRON þóknanlegar og beini þeir nú spjótum sínum að Búnaðarbankanum og geri honum upp orð og gerðir sem enga stoð eigi í raunveruleikanum. Geti sú hegðan tæplega fallið undir góða viðskiptahætti.

Að lokum ítrekar Búnaðarbankinn að öll bréf og símtöl fimmmenninganna til stofnfjáreigenda SPRON hafi verið gerð af hálfu fimmmenninganna og í þeirra nafni skv. samningi þeirra. Einungis eitt bréf hafi verið sent út í eigin nafni bankans og hafi það verið sent starfsmönnum SPRON vegna ítrekaðra rangfærslna stjórnar SPRON.

Hafi Búnaðarbankinn talið nauðsynlegt að bera hönd fyrir höfuð sér og útskýra málið. Í bréfinu hafi á engan hátt verið vegið að SPRON eða stjórnendum sparisjóðsins.

Með vísan til framangreinds telur Búnaðarbankinn fráleitt að bankinn hafi brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga. Sé því þess krafist að öllum kröfum SPRON verði alfarið hafnað.

4.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 21. ágúst 2002, var SPRON gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða skýringum við bréf Búnaðarbankans. Í símtali 10. september 2002 tjáði lögmaður SPRON Samkeppnisstofnun að athugasemdir yrðu ekki gerðar vegna þessa bréfs.

5.

Með bréfi, dags. 19. ágúst 2002, frá Hlyni Halldórssyni hdl., f.h. SPRON, kemur fram að frá því að framangreind bréf hafi verið send Samkeppnisstofnun hafi Búnaðarbankinn og fimmmenningarnir, að mati SPRON, brotið enn frekar gegn ákvæðum samkeppnislaga með tilraunum sínum til að yfirtaka SPRON.

Í bréfinu kemur fram að Búnaðarbankinn og fimmmenningarnir hafi látið birta dagblaðsauglýsingar, m.a. í Fréttablaðinu 1. ágúst 2002 og í DV 2. ágúst 2002. Í texta auglýsingarinnar sem birtist 2. ágúst 2002 segir m.a.:

„Þeir sem gera samning við okkur fyrir tilsettan frest, á hádegi í dag, fá stofnfé sitt greitt inn á lokaðan reikning í sínu nafni. Reikningurinn verður opnaður 14. ágúst enda hafi öll skilyrði tilboðsins verið uppfyllt á þeim tíma.“

Þá segir í bréfi SPRON að í bréfi sem Búnaðarbankinn og fimmmenningarnir sendu frá sér til stofnfjáreigenda, dags. 25. júlí 2002, segi að samkvæmt álit frá Fjármálaeftirlitinu verði stjórn SPRON að veita samþykki sitt fyrir öllum viðskiptum með stofnfé og sé það í samræmi við samþykktir félagsins og lög um viðskiptabanka og sparisjóði. Síðan segir í bréfinu:

„Jafnframt liggur fyrir það álit Fjármálaeftirlitsins að ekki dugar að samþykkja almenna tillögu til stjórnar um að hún standi ekki gegn framsali stofnfjárhluta í sparisjóðnum, þrátt fyrir að ályktun um slíkt væri samþykkt á fundi stofnfjáreigenda með tilskildum meirihluta. Því skiptir miklu að stofnfjáreigendur SPRON mæti á fundinn.“

Þar bíður tvíþætt hlutverk.

Vantraust. Vegna ítrekaðra yfirlýsinga stjórnar SPRON á opinberum vettvangi um að hún muni ekki samþykkja viðskipti sem þessi var óhjákvæmilegt að leggja fram vantrauststillögu á stjórnina. Nauðsynlegt er að stofnfjáreigendur kjósi félaginu nýja stjórn vilji þeir selja stofnfjárbréf sín.“

Eitt af skilyrðum sem Búnaðarbankinn og fimmmeningarnir hafi þannig sett fyrir því að kaupa stofnféð hafi verið að stofnfjáreigendur yrðu að greiða atkvæði með vantrauststillögu sem einn fimmmeninganna hafi borið upp. Boð Búnaðarbankans og fimmmeninganna hafi þannig falið í sér áform um að fella sitjandi stjórn SPRON, sem hafi talið sér skylt að fara að álitum Fjármálaeftirlitsins þess efnis að stjórninni bæri að hafna framsali á stofnfé, og kjósa nýja stjórn sem myndi þegar samþykkja framsal á stofnfé sem Fjármálaeftirlitið taldi skylt að hafna.

Fram kemur að það sé fordæmislaust að fyrirtæki bjóði hluthöfum keppinautar fé gegn því að fella sitjandi stjórn í því skyni að ná yfirráðum yfir keppinautnum. Þá hafi Búnaðarbankinn og fimmmeningarnir með framangreindu boði reynt að fá stofnfjáreigendur til að greiða atkvæði með tillögu sem bersýnilega hafi haft þann tilgang að veita brautargengi tillögu sem gekk þvert á ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

Ofangreindar aðferðir Búnaðarbankans og fimmmeninganna telur SPRON vera skýlaust brot á 20. gr. samkeppnislaga um góða viðskiptahætti. Búnaðarbankanum hljóti að hafa verið ljóst að ofangreind hegðun geti hvorki talist heiðarleg eða sanngjörn gagnvart keppinauti á bankamarkaði. Þá verði að telja það ósiðlegt með öllu að gera stofnfjáreigendum ofangreint tilboð þegar fyrir hafi legið að samkvæmt álitum Fjármálaeftirlitsins bæri stjórn SPRON að hafna framsali á stofnfé.

Þá telur SPRON að með fyrrnefndum auglýsingum hafi Búnaðarbankinn og fimmmeningarnir brotið gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga þar sem upplýsingar um tilboð þeirra hafi verið villandi og ekki veitt stofnfjáreigendum nægjanlegar upplýsingar til þess að geta metið tilboð þeirra, m.a. hvort það stæðist lög. Þannig hafi ekki verið gerð grein fyrir því hver öll skilyrði væru sem stofnfjáreigendur þyrftu að uppfylla til þess að fá greiðslu né hvaða annmörkum þau væru háð. Þegar dagblaðsauglýsingarnar hafi birst hafi legið fyrir af hálfu Fjármálaeftirlitsins að stjórn SPRON bæri að hafna framsali á stofnfé. Auglýsingarnar hafi þannig beinlínis verið villandi og til þess fallnar að vekja upp tilefnislausar væntingar af hálfu stofnfjáreigenda. Af inntaki 21. gr. samkeppnislaga sé augljóst að gera verði þá lágmarkskröfu til þeirra sem stundi viðskipti að þeir gangi fyrst úr skugga um það hvort tilboð sem þeir hyggist auglýsa sé lögmætt. Samkvæmt ákvæðum 21. gr. sé óheimilt að veita ófullnægjandi eða villandi upplýsingar. Ástæða þess sé að það sem ekki sé látið uppi geti verið fallið til þess að hafa áhrif á eftirspurn og að ákvarðanir séu teknar á röngum forsendum eða ónógum upplýsingum.

Að lokum gerir SPRON þær kröfur að framangreindar aðferðir og athafnir Búnaðarbankans og fimmmeninganna verði bannaðar. Jafnframt verði þeim bannað að halda áfram slíkum athöfnum eða þær verði endurteknaðar í framtíðinni. Þá er krafist að viðurlögum verði beitt.

6.

Með bréfi, dags. 21. ágúst 2002, sendi Samkeppnisstofnun bréf SPRON til umsagnar Búnaðarbankans. Svar bankans er dagsett 28. ágúst 2002. Þar segir að þrátt fyrir að bæði umkvartað bréf, dags. 25. júlí 2002, og dagblaðsauglýsingarnar séu augljóslega sendar út í nafni fimmmeninganna haldi SPRON því ranglega fram að þetta hafi einnig verið gert í nafni Búnaðarbankans.

Rakið er að helstu sjónarmið SPRON í máli þessu hafi verið til umfjöllunar hjá ýmsum embættum og stofnunum sem hafi hafnað þeim öllum. Þannig hafi Fjármálaeftirlitið hafnað sjónarmiðum SPRON um að sala á stofnfé á verði sem sé umfram endurmetið stofnverð sé ólögmaett. Fjármálaeftirlitið hafi einnig hafnað þeim sjónarmiðum SPRON að með sölu stofnfjár, umfram endurmetið stofnverð, sé gengið á annað eigið fé SPRON þannig að þeir hagnist af. Héraðsdómur Reykjavíkur hafi með úrskurði hafnað sjónarmiðum SPRON um aðgang stofnfjáreigenda að stofnfjáreigendaskrá. Þá hafi Persónuvernd hafnað öllum kröfum SPRON á hendur Búnaðarbankanum um stöðvun vinnslu upplýsinga er varði stofnfjáreigendaskrá.

Þrátt fyrir framangreinda útreið haldi SPRON áfram uppteknum hætti að úthrópa Búnaðarbankann sem lögbrot. Virðist sem meint lögbrot bankans sé nú fyrst og fremst fólgið í því að fimmmeningarnir hafi bent stofnfjáreigendum SPRON á að „vegna ítrekaðra yfirlýsinga stjórnar SPRON á opinberum vettvangi um að hún muni ekki samþykkja viðskipti sem þessi, var óhjákvæmilegt að leggja fram vantrauststillöguna á stjórnina. Nauðsynlegt er að stofnfjáreigendur kjósi félaginu nýja stjórn vilji þeir selja stofnfjárbréf sín.“ Þá virðist SPRON ekki síður þola illa að fimmmeningarnir bendi stofnfjáreigendum sparisjóðsins á að vegna ómálefnaðra og ólögmaetra sjónarmiða stjórnar SPRON hafi verið nauðsynlegt að samþykkja vantrauststillögu á stjórnina svo fyrirhuguð viðskipti næðu fram að ganga. Viðskipti sem ekki verði gerð nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. fyrirvara aðila þar um.

Rakið er að frá upphafi hafi Búnaðarbankinn og fimmmeningarnir sagt að þeir myndu í einu og öllu fylgja ákvæðum gildandi laga um framkvæmd fyrirhugaðra viðskipta. Þannig hafi ítrekað verið bent á fyrirvara í samningi aðila um að fyrirhuguð kaup væru háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Búnaðarbankinn hafi gert Fjármálaeftirlitinu nánari grein fyrir áformum bankans vegna fyrirhugaðra kaupa á stofnfjárhlutum í SPRON. Þar hafi komið fram að Búnaðarbankinn hafi ekki uppi

áform um að breyta SPRON á næstu árum í hlutafélag, m.a. vegna þeirrar umfjöllunar sem verið hafi um málið. Komi til þess síðar muni bankinn fara að ákvæðum laga sem um slíka formbreytingu gilda.

Búnaðarbankinn telur að SPRON hafi farið fram í málinu með gífuryrði og ótraust lagarök að vopni. Þannig hafi SPRON, sama dag, sent Samkeppnisstofnun og Persónuvernd samskonar bréf. Þar sem Persónuvernd hafi hafnað sjónarmiðum SPRON hafi sparisjóðurinn metið stöðuna svo að Samkeppnisstofnun myndi einnig gera það. Því hafi komið til viðbótarkvörtun þar sem eingöngu séu tíndar til blaðaauglýsingar og bréf sem stafi frá öðrum en Búnaðarbankanum.

Í svari Búnaðarbankans er rakið að svo hafi virst að Fjármálaeftirlitið hafi talið að bankinn hefði uppi fastákveðin áform um að breyta SPRON þegar í stað í hlutafélag samkvæmt fyrirfram ákveðinni aðferðafræði. Búnaðarbankinn hafi komið á framfæri skýringum við Fjármálaeftirlitið vegna þessa. Þá hafi SPRON einnig fengið þessar skýringar m.a. á fundi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Fyrirvari um samþykki Fjármálaeftirlitsins vegna fyrirhugaðra kaupa standi óhaggaður. Þrátt fyrir framangreint hafi stjórn SPRON lýst því opinberlega yfir að hún telji samning fimmmenninganna og Búnaðarbankans ólögmetan og muni ekki samþykkja umrædd viðskipti komi þau til kasta stjórnarinnar. Hins vegar hafi stjórn SPRON lýst því yfir að hún muni samþykkja samkynja tilboð frá Starfsmannasjóði SPRON um kaup á sömu stofnfjárlutum að fengnu tilskildu samþykki Fjármálaeftirlitsins. Með öðrum orðum sé SPRON að segja að af því að Búnaðarbankinn sé endanlegur kaupandi samkvæmt öðru kauptilboðinu þá muni stjórn sparisjóðsins ekki samþykkja það. Hins vegar muni stjórnin samþykkja kauptilboð frá aðila sem sé SPRON þóknanlegur. Þær viðskiptahindranir sem SPRON reisi með afstöðu sinni séu ómálefnalegar og brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga, þ. á m. 20. gr. laganna um góða viðskiptahætti. Síðan kvarti SPRON ítrekað við Samkeppnisstofnun yfir því að fimmmenningarnir skuli bera hönd fyrir höfuð sér í því skyni að freista þess að ná sömu viðskiptastöðu og þeirri sem Starfsmannasjóður SPRON hafi gagnvart stjórn SPRON.

Að lokum segir að með vísan til alls framangreinds verði að telja fráleitt að Búnaðarbankinn hafi brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga og ákvæðum laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Er þess því krafist að öllum kröfum SPRON á hendur Búnaðarbankanum verði alfarið hafnað.

Þá er þess krafist að Samkeppnisstofnun taki þá ákvörðun að aðgerðir SPRON í málinu hafi brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga.

Með bréfi Búnaðarbankans fylgdu m.a. afrit dóms Héraðsdóms Reykjavíkur og úrskurður Persónuverndar

7.

Þann 11. september 2002 sendi Samkeppnisstofnun bréf Búnaðarbankans til umsagnar SPRON. Svar SPRON er dagsett 7. október 2002. Fram kemur að skilja megi umsögn Búnaðarbankans þannig að bankinn telji að auglýsingar sem útbúnar hafi verið í nafni fimmmenninganna hafi ekki verið á vegum bankans og hann komið þar hvergi nærri þar sem nafns bankans og merki hafi ekki verið í auglýsingunum. SPRON telur þetta fráleitt sjónarmið og bendir á þau gögn sem fyrir liggi þar sem bankinn hafi lagt til fé svo milljónum skipti í herferð fimmmenninganna, starfsmenn og aðstöðu og sé jafnframt sá aðili sem gerði samning um endurkaup á stofnfé og hefði orðið eigandi þess stofnfjár sem fimmmenningarnir hefðu keypt. Augljóst sé af gögnum málsins að bankinn hafi komið að skipulagningu, tilhögun og framkvæmd á tilboðum og fyrirhuguðum kaupum á öllum stigum málsins, þar með talið fyrrgreindum auglýsingum og bréfi fimmmenninganna, dags. 25. júlí 2002.

Hvað varði tilvísun Búnaðarbankans til umfjöllunar stofnana og dómstóla um sjónarmið málsins segir að þær umsagnir hafi ekkert með það úrlausnarefni að gera sem fram komi í bréfi SPRON til Samkeppnisstofnunar, dags. 19. ágúst 2002. Þau sjónarmið sem hér séu til umfjöllunar varði 20. og 21. gr. samkeppnislaga og varði ekki aðgang að stofnfjáreigandaskrá sparisjóðsins.

Þá telur SPRON það rangfærslu og útúrsnúning að stjórn sparisjóðsins hafi ítrekað hafnað því að samþykkja þau viðskipti með stofnfé sem Búnaðarbankinn ráðgerði og það hafi réttlætt athafnir fimmmenninganna og bankans. Samkvæmt álitni Fjármálaeftirlitsins hafi stjórn sparisjóðsins borið að hafna framsali á stofnfé og hafi stjórnin talið sér skylt að gera það.

Rakið er að Búnaðarbankinn haldi því fram að í einu og öllu hafi verið fylgt ákvæðum gildandi laga um framkvæmd fyrirhugaðra viðskipta. Hins vegar viðurkenni bankinn að áform hans hafi þurft frekari útskýringa við sem gefnar hafi verið síðar. Ekki verði dregin önnur ályktun af þessu en að fyrirætlanir Búnaðarbankans eins og þær birtust m.a. í auglýsingum, og í ljósi þeirrar réttaróvissu er þá ríkti um tilboð hans og fimmmenninganna, hafi verið þess eðlis að ekki hafi verið hægt að gefa þær yfirlýsingar og skilyrtu loforð sem bankinn hafi gefið út með auglýsingum sínum. Telur SPRON að Búnaðarbankinn hafi með þeim aðferðum sem viðhafðar voru við að komast yfir stofnfé í sparisjóðnum brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Brotin hafi falist í því að fimmmenningarnir og bankinn viðhöfðu ekki góða viðskiptahætti í athöfnum sínum og birtu auglýsingar sem gáfu villandi og ófullnægjandi mynd af efni þess tilboðs sem þar hafi verið auglýst.

Að mati SPRON hafi Búnaðarbankinn komið sér hjá því að svara efnislega brotum á 20. og 21. gr. samkeppnislaga og í raun sé ekki að finna neina umfjöllun um það. Bankinn vísi í gögn, úrskurði og umsagnir sem ekki eigi við hin meintu brot né geti

þau réttlætt athafnir bankans og fimmmeninganna. Að mati SPRON sé ljóst að athafnir og framkoma Búnaðarbankans og fimmmeninganna hafi verið sýnilega ósanngjarnar eða villandi og því andstæðar samkeppnislögum.

SPRON áréttar að þegar auglýsingarnar hafi birst, 1. og 2. ágúst 2002, hafi ríkt óvissa um lögmæti tilboðs fimmmeninganna og Búnaðarbankans. Fyrirvararnir sem gerðir hafi verið hafi verið óviðunandi og ekki komið í veg fyrir að boð þeirra hafi brotið gegn 21. gr. samkeppnislaga. Þá hafi boð um kaup á stofnfé gegn því að fella sitjandi stjórn verið siðferðislega ámælisvert og ósanngjarnt og ekki réttlætanlegt með þeim rökum sem fram komi í bréfi bankans, dags. 28. ágúst 2002, en 20. gr. samkeppnislaga sé einmitt stefnt gegn ámælisverðri hegðun fyrirtækja og lögaðila á markaði.

Að lokum mótmælir SPRON þeim rangfærslum og rangtúlkunum sem fram komi í bréfi Búnaðarbankans og varði tilboð frá Starfsmannasjóði SPRON og afstöðu stjórnar SPRON.

8.

Samkeppnisstofnun bauð Búnaðarbankanum að koma að frekari athugasemdum eða skýringum með bréfi dagsettu 16. október 2002. Búnaðarbankinn kaus að koma ekki að frekari athugasemdum í málinu.

Með bréfum, dags. 21. nóvember 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

Með bréfum Samkeppnisstofnunar til málsaðila, dags. 13. febrúar og 16. september 2003, var tilkynnt að töl yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 7. nóvember 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Á síðasta ári hafði stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis uppi áform um að hlutafélagsvæða sparisjóðinn. Deilur komu upp á milli stjórnarinnar og fimm stofnfjáreigenda í sparisjóðnum og er þetta mál einn hluti þessara deilna.

Í upphaflegu erindi SPRON er kvartað yfir aðgangi og vinnslu Búnaðarbankans með skrá yfir stofnfjáreigendur sem og bréfi bankans til starfsmanna SPRON. SPRON telur að óheiðarlega hafi verið staðið að þessum málum af hálfu Búnaðarbankans og skráin notuð til að bera út óhróður um stjórn SPRON en slíkt sé í andstöðu við ákvæði 20. gr. samkeppnislaga. Á síðari stigum málsmeðferðar kvartaði SPRON m.a. einnig yfir tveimur dagblaðaauglýsingum þar sem borin voru saman tilboð í stofnféð, annarsvegar frá fimmmenningunum og hinsvegar frá Starfsmannasjóði SPRON.

Af hálfu Búnaðarbankans er öllum umkvörtunarefnum SPRON alfarið vísað á bug. Bankinn hafi einungis sent út eitt bréf og dagblaðaauglýsingarnar ekki verið á vegum bankans. Jafnframt telur Búnaðarbankinn að frekar sé um það að ræða að athafnir SPRON brjóti í bága við ákvæði 20. gr. samkeppnislaga.

2.

Deilur þær sem hér er um fjallað sneru í upphafi m.a. að skrá SPRON yfir stofnfjáreigendur í sparisjóðnum. Í samþykktum SPRON, frá 15. apríl 1994 með síðari breytingum, kemur fram að stofnfé sparisjóðsins skiptist í allt að 20.000 stofnfjárhluti. Stofnfjáreigendur eiga einn eða fleiri jafngilda stofnfjárhluti og er atkvæðisréttur í réttu hlutfalli við stofnfjáreign. Stofnfjárbréf hljóða á nafn og getur einstakur stofnfjáreigandi ekki átt fleiri en 20 hluti. Í 8. gr. samþykktanna segir:

„Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur sparisjóðsins. Í skránni skal tilgreina nafn stofnfjáreiganda, heimilisfang og kennitölu, ásamt stofnfjáreign hans. ... Skrána skal ætíð geyma í skrifstofu sparisjóðsins og eiga allir stofnfjáreigendur aðgang að henni.“

Í ársskýrslu SPRON fyrir árið 1994 var birtur listi yfir stofnfjáreigendur í sparisjóðnum þann 1. mars 1995. Listinn innihélt nöfn og heimilisföng stofnfjáreigenda.

3.

Þann 25. júní 2002 gerðu Búnaðarbankinn og fimm tilgreindir stofnfjáreigendur í SPRON með sér samning um kaup og endursölu á stofnfé SPRON. Samningurinn fólst í því að sk. fjárfestar (fimmmenningarnir) myndu gera öllum stofnfjáreigendum SPRON kautilboð í stofnfé þeirra í SPRON. Næðu fjárfestarnir því að kaupa að lágmarki 67% heildarstofnfjár SPRON skuldbundu þeir sig til að selja og framselja allt stofnféð til Búnaðarbankans og/eða annarra fjárhagslegra traustra aðila sem bankinn ákvæði einhliða.

Ýmsir fyrirvarar voru settir vegna þessa kautilboðs, þ. á m. að fundur stofnfjáreigenda hafnaði því að breyta SPRON í hlutafélag og að Fjármálaeftirlitið

samþykkti kaupin. Þá kom fram í samningnum að fjárfestarnir skuldbundu sig til að taka fjármögnunarlán hjá Búnaðarbankanum fyrir kaupverði þess stofnfjár sem keypt yrði. Gert var ráð fyrir að kaupa endurmetið stofnfé á genginu 4.

4.

Eins og fram kom við málsmeðferð kröfðust fimmmeningarnir þess með innsetningargerð að fá skrá yfir stofnfjáreigendur í SPRON afhenta. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur¹ var gerðarbeiðanda heimil bein aðfarargerð til að fá hjá SPRON fullan og ótakmarkaðan aðgang að skránni til þess að rita niður upplýsingar úr henni. Skráin skyldi tilgreina nöfn stofnfjáreigenda, heimilisföng og kennitölur, ásamt stofnfjáreign.

SPRON kærði úrskurðinn til Hæstaréttar sem staðfesti hann með þeirri athugasemd að í orðunum að „*eiga aðgang*“ að skránni sbr. 8. gr. samþykta SPRON fælist það að heimilt væri að rita upplýsingar úr henni.²

Þá hefur einnig komið fram að SPRON sendi erindi til Persónuverndar þar sem þess var krafist að vinnsla Búnaðarbankans með skrá yfir stofnfjáreigendur yrði stöðvuð. Úrskurður Persónuverndar³ var á þá leið að tilgangur fimmmeninganna með því að lesa upplýsingar úr skránni inn á segulband hafi verið málefnalegur í skilningi laga um persónuvernd. Þá verði að telja að fimmmeningarnir hafi átt lögvarinna hagsmuna að gæta af því að geta náð sambandi við aðra stofnfjáreigendur til þess að freista þess að boða til fundar og til þess að gera öðrum grein fyrir viðhorfum sínum um kaup og kjör á stofnfjárhlutum. Því hafi vinnsla upplýsinganna verið nauðsynleg svo fimmmeningarnir gætu gætt lögmætra hagsmuna sinna. Fram hafði komið að fimmmeningarnir voru ábyrgðaraðilar vinnslunnar og að samkomulag hafi verið um að Búnaðarbankinn notaði listann ekki í neinum öðrum tilgangi en að aðstoða við að finna símanúmer og ná í stofnfjáreigendur. Listinn væri ekki vistaður í tölvukerfi bankans. Niðurstaða Persónuverndar var að fimmmeningunum hafi verið heimilt að afhenda Búnaðarbankanum upplýsingar um stofnfjárfesta og fá aðstoð bankans við vinnslu upplýsinganna. Vinnsla Búnaðarbankans hafi því verið lögmæt að því tilskildu að farið hafi verið að öllum ákvæðum laga um persónuvernd og öðrum réttarreglum.

5.

Fjármálaeftirlitið tók, í júlí 2002, til athugunar umsókn fimmmeninganna um kaup á virkum eignarhlut í SPRON. Meðal atriða sem Fjármálaeftirlitið tók afstöðu til var hvort tilboð fimmmeninganna til annarra stofnfjáreigenda samræmdist lögum um

¹ Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. A-98/2002: Oddur Ingimarsson gegn Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

² Dómur Hæstaréttar nr. 373/2002, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis gegn Oddi Ingimarssyni.

³ Úrskurður Persónuverndar í máli nr. 2002/306.

viðskiptabanka og sparisjóði, einkum hvort óheimilt væri að eiga viðskipti með stofnfjárbréf á öðru verði en endurmetnu nafnverði. Þá var einnig athugað hvort í viðskiptunum fælist að stofnfjáreigendum, núverandi eða tilvonandi, væri veittur aðgangur að eigin fé sparisjóðsins umfram lagaheimild.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins um framangreind atriði var m.a. að núgildandi löggjöf feli ekki í sér bann við því að stofnfjáreigandi selji eða framselji stofnfjárhlut sinn á hærra verði en endurmetnu nafnverði, fái hann til þess samþykki stjórnar. Þá var komist að því að þar sem sala stofnfjáreigenda á stofnfjárhlut til þriðja aðila væri fjármögnuð af utanaðkomandi aðila verði ekki séð að með því einu verði gengið á eigið fé sparisjóðsins. Fjármálaeftirlitið taldi hinsvegar að tryggja verði hlutdeild sparisjóðsins í áformaðri verðmætisaukningu. Áformin hafi ekki sýnt fram á þessa hlutdeild. Þá kom fram að stjórn SPRON þyrfti að meta hvert framsal stofnfjárhluta sjálfstætt og stjórn beri að gæta hagsmuna sparisjóðsins umfram hagsmuni stofnfjáreigenda.

6.

Í erindi SPRON til Samkeppnisstofnunar var óskað eftir að vinnsla Búnaðarbankans með skrá yfir stofnfjáreigendur í SPRON yrði stöðvuð. Taldi SPRON að handhöfn og notkun bankans á skránni væri ólögmæt og bryti gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga. Skráin innihéldi mikilvægar viðskiptaupplýsingar um bestu viðskiptamenn SPRON. Eins og rakið hefur verið hér að framan hafa aðrar stjórnarsýslustofnanir komið að máli þessu. Hlutverk samkeppnisráðs er að ákvarða hvort ákvæði 20. gr. samkeppnislaga hafi verið brotin í þeim átökum sem áttu sér stað í málinu.

Í 20. gr. samkeppnislaga kemur fram að óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.

Af m.a. 20. gr. samkeppnislaga má ráða þann vilja löggjafans að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki að virða tiltekin siðferðisleg gildi. Fyrirtækjum er þannig uppálagt að viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum og neytendum. Ekki hefur verið talið unnt að tilgreina fyrirfram í lögum hvað telja beri góða viðskiptahætti heldur er mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki lagt í hendur samkeppnisyfirvalda og dómstóla. Sökum þessa geta stjórnendur fyrirtækja ekki vitað fyrirfram í öllum tilvikum hvort hegðun þeirra brýtur í bága við 20. gr. samkeppnislaga. Því er sú leið farin í samkeppnislögum að aðgerðir fyrirtækja sem taldar eru brjóta í bága við umræddar siðareglur geta ekki leitt til viðurlaga heldur aðeins til þess að bann verði lagt við því að aðgerðum sé haldið áfram. Sé hins vegar bann brotið er heimilt að beita viðurlögum. Þrátt fyrir að útilokað hafi verið talið að tilgreina nákvæmlega í lögum hvað teljist óréttmætir viðskiptahættir, verður að telja

að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins, viti stjórnendur fyrirtækja í meginþorra tilvika hvað sé siðferðislega verjandi í viðskiptum og hvað ekki. Þannig má ljóst vera að viðskiptaaðferðir sem sýnilega eru óheiðarlegar, ósanngjarnar, eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum eru andstæðar samkeppnislögum.

Fyrir liggur að SPRON var óheimilt að hamla aðgangi fimmmenninganna að upplýsingum úr skrá yfir stofnfjáreigendur og aðkoma Búnaðarbankans og notkun skrárinnar í kjölfar samnings bankans við fimmmenningana braut ekki gegn ákvæðum laga um persónuvernd.

Samkeppnisráð tekur fram að ákvæði samkeppnislaga banna almennt ekki að fyrirtæki geri tilraun til yfirtöku á keppinauti.⁴ Takist yfirtakan getur hún komið til athugunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga.

Í því máli sem hér er til úrlausnar er að finna eitt bréf frá Búnaðarbankanum og eina yfirlýsingu bankaráðs. Bréfið, dags. 2. júlí 2002, er frá bankastjórum Búnaðarbankans til starfsmanna SPRON. Inniheldur bréfið yfirlýsingar um að starfsfólk sé verðmætasta eign SPRON og fari svo að Búnaðarbankinn verði eigandi meirihluta stofnfjár missi enginn starfsmaður SPRON vinnu sína við breytingu á eignarhaldi. Að mati samkeppnisráðs er ekkert í bréfinu að finna sem talist getur brjóta í bága við ákvæði 20. gr. samkeppnislaga. Það að bréf bankastjóra Búnaðarbankans hafi verið í sama umslagi og bréf fimmmenninganna til starfsmanna SPRON fær samkeppnisráð ekki séð að hafi þýðingu í málinu.

Allar aðrar tilvísanir SPRON til ummæla og athafna Búnaðarbankans í málinu eru settar fram í nafni fimmmenninganna og hefur bankinn alfarið neitað beinni aðild að þeim.

Með vísan til framangreinds fær samkeppnisráð ekki séð að Búnaðarbanki Íslands hafi brotið gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga með aðkomu að, eða notkun á, skrá SPRON yfir stofnfjáreigendur.

7.

Einn þáttur kvörtunar SPRON snýr að auglýsingum sem birtar voru 1. og 2. ágúst 2002. SPRON telur að með auglýsingunum hafi Búnaðarbankinn brotið gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.

Auglýsingar þær sem hér um ræðir er beint til stofnfjáreigenda SPRON og sýna samanburð á tilboðum annarsvegar fimmmenninganna og hinsvegar Starfsmannasjóðs

⁴ Í undantekningartilvikum getur yfirtaka þó farið gegn 11. gr. samkeppnislaga en það ákvæði á ekki við í máli þessu.

SPRON í stofnféð. Auglýsingarnar eru undirritaðar „*Fimm stofnfjáreigendur SPRON*“.

Í auglýsingunum eru tvær tilvísanir til Búnaðarbankans. Annarsvegar kemur fram að Búnaðarbankinn tryggir greiðslu fyrir stofnféð í tilboði fimmmeninganna og hinsvegar að skilyrði samnings við Búnaðarbankann sé að verði bankinn endanlegur meirihlutaeigandi stofnfjár í SPRON missi enginn starfsmaður SPRON vinnu sína.

Búnaðarbankinn hefur algerlega hafnað að hafa átt aðild að auglýsingunum og séu þær augljóslega sendar út í nafni fimmmeninganna.

Samkeppnisráð fær ekki séð að auglýsingarnar séu á ábyrgð eða á vegum Búnaðarbankans og er því þessum lið kvörtunarinnar vísað frá.

Með vísan til alls framangreinds telur samkeppnisráð ekki ástæðu til aðgerða í máli þessu.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“